



Akraneskaupstaður

**Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
B.t. Gerðar Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra**

**Sigtúni 42
105 Reykjavík**

Akranesi, 5. maí 2017

1511324 SDA

Efni: Fullnaðaruppgjör Akraneskaupstaðar á lífeyrisskuldbindingum Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis á Akranesi

Með vísan til ákvæða samnings ríkisins og Akraneskaupstaðar um fullnaðaruppgjör lífeyrisskuldbindinga hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða dags. 13. janúar 2017 og samkomulags fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2016 um tilhögun uppgjörs lífeyrisskuldbindinga í B-deildum LSR og Brúar og LH hefur Akraneskaupstaður nú efnt skuldbindingu sína um greiðslu á 3% hlut skuldbindingarinnar með greiðslu til Brúar í dag sbr. hjálagða greiðslukvittun.

Greiðsla og uppgjör Akraneskaupstaðar byggir á forsendum og útreikningi tryggingastærðfræðings Brúar dags. 26. apríl síðastliðinn um fjárhæð skuldbindingarinnar sbr. „Minnisblað um útreikninga á fjárhæð til uppgjörs lífeyrisskuldbindinga í réttindasafni Lífeyrissjóðs starfsmanna Akraneskaupstaðar.“

Við uppgjör og greiðslu skuldbindingarinnar byggir Akraneskaupstaður á skuldbindingunni eins og hún var í árslok 2015 með venjulegum reikniforsendum réttindasafnsins í tryggingafræðilegri athugun ársins 2015, að viðbættum forsendum um spá Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um áframhaldandi lækkun dánartíðni, og einnig er gert ráð fyrir að sjóðfélagar í starfi hefji töku lífeyris 65 ára eins og þeir eiga rétt til. Til viðbótar framangreindu mati á fjárhæð skuldbindingarinnar greiðir kaupstaðurinn, í samræmi við ráðleggingar tryggingastærðfræðings Brúar, 30% áhættuálag til að mæta m.a breytingum á væntum útgreiðslutíma, fjárfestingaráhættu og vegna óvissa um þróun launa til langstíma.

Með vísan til framangreindra forsenda er tryggingafræðilegt mat lífeyrisskuldbindinga Höfða kr. 1.452.750 þús. kr., og 3% hlutur Akraneskaupstaðar 43.583 þús. kr. sem greiddur var til Brúar lífeyrissjóðs í dag.





Akraneskaupstaður

Uppgjör á 3% hlut Akraneskaupstaðar gagnvart Lífeyrissjóði hjúkrunarfæðinga fór fram í febrúar síðastliðinn.

Með vísan til framangreinds hefur Akraneskaupstaður efnt að fullu samningsskyldur sínar við viðkomandi lífeyrissjóði í samræmi við ákvæði samnings aðila frá 13. janúar 2017.

Virðingarfyllst,

F.h. Akraneskaupstaðar

Sævar BÆJARSTJÓRINN *Práinsson*
Sævar Freyr Práinsson
AKRANESI
bæjarstjóri

Fylgiskjal:

1. Greiðslukvittun Landsbankans, dags. 5. maí 2017

Samrit:

1. Fjármála- og efnahagsráðherra
2. Samband Íslenskra sveitarfélaga
3. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
4. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði.